

- 137 Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Gjöf Þórðar Sigmundssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 1. ágúst 1941.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjöf Þórðar Sigmundssonar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt gjöf Þórðar Sigmundssonar, og er 1. janúar 1941 að upphæð kr. 25174.85

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja sjúklinga á Vífilsstaðahæli, og til að styrkja þurfandi sjúklinga, er þeir útskrifast af hælínu.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands, Landsbanka Íslands eða á öðrum jafntryggum stað, á þann hátt, er arðvænlegast þykir.

Árlega leggist $\frac{1}{4}$ hluti vaxta við höfuðstólinn, en $\frac{3}{4}$ hlutum sé úthlutað til sjúklinga Vífilsstaðahælis, og skal að minnsta kosti helming þess fjár úthlutað í júní- eða júlímánuði ár hvert.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Yfirlæknir hælisisn, einn skipaður af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, og formaður félagsins „Sjálfsvörn“ á Vífilsstöðum. Hætti félagið „Sjálfsvörn“ störfum, kjósa sjúklingar einn mann úr sínum hópi í stjórn sjóðsins.

5. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn, og færa í hana skipulagsskrá, fundarsamþykktir og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórninni ber enn fremur að halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

6. gr.

Sjóðurinn stendur undir umsjón dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Skipar ráðuneytið ár hvert 2 endurskoðendur, úrskurðar reikninga sjóðsins, og gerir allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að úrskurði þess sé framfylgt.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins skal árlega birta reikning hans í Lögbirtingablaðinu.

7. gr.

Nú verður Vífilsstaðahæli lagt niður, eða hættir að starfa sem berklahæli, og ráðstafar þá dóms- og kirkjumálaráðuneytið sjóðnum, í sem fyllstu samræmi við vilja stofnandans.

8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.